


ISLAND

31.01.12

Kr. 002964

STIMPILGJALD

FR 050



Undirritaðir aðilar: Björgunarfélag Árborgar, kt. 470483-0839, Árvegi 1, 800 Selfossi í samningi þessum nefndur seljandi og Neyðarlínan, kt. 511095-2559, Skógarhlíð 14, 105 Reykjavík í samningi þessum nefndur kaupandi gera með sér svofelldan:

KAUPSAMNING

1. gr.

Seljandi skuldbindur sig til þess að selja og kaupendur til þess að kaupa neðangreinda eign seljanda:

Um er að ræða sölu á hluta af eign seljanda í fasteigninni Árvegi 1, Selfossi. Um er að ræða eign seljanda sem staðsett er á millipalli 0112 í vesturenda hússins, nánartiltekið rými 0113 skv. eignaskiptasamningi (sbr. fylgiskjal nr 1) Rýmið er 15,2 m² að stærð. Fastanúmer 2375191. Lóð undir mastri er sérafnotaflótur eignarinnar.

Kaupandi skal hafa umgengnisrétt um eign seljanda til að komast að hinu keypta rými eftir þörfum.

2. gr.

Kaupverð hins selda er umsamið kr. 4.000.000,- krónur fjörarmilljónir 00/100 og greiðist þannig:

Við undirskrift kaupsamnings

kr. 4.000.000,-

Skjal nr. 356
Móttekið til þinglýsingar

3. gr.

Kaupandi hefur kynnt sér ástand fasteignarinnar og gerir ekki athugasemd við ástand hennar. 31. jan. 2012

4. gr.

Hið selta skal afhendast kaupanda við undirskrift samnings þessa, sem er afhendingardagur.

Frumrit stimplað kr. 2.964

5.gr.

Eigin er enn í byggingu og þekkir kaupandi byggingarstig og ástand eignarinnar og hefur ekkert við það að athuga. Kaupandi hefur haft afnot eignarinnar frá því að seljandi eignaðist hana og eru allar framkvæmdir sem kaupandi hefur ráðist í á ábyrgð kaupanda og seljanda óviðkomandi. Eigin er seld í núverandi ástandi sem kaupandi þekkir gerla og sættir sig við að öllu leyti. Kaupanda er kunnugt um þær athugasemdir sem gerðar hafa verið á húsnæðinu við stöðuúttekt byggingarfulltrúa á því (sbr. fylgiskjal nr. 2).

6. gr.

Fasteignin er seld án veðbanda og annarra kvaða en í samningi þessum og meðfylgjandi eignaskiptasamningi greinir. Við samningsgerð þessa kynntu aðilar sér eftirfarandi gögn og gerðu engar athugasemdir við þau; a) þinglýsingarvottorð fyrir fasteignina Árvegur 1 b) vottorð Fasteignamats ríkisins c) eignaskiptasamning (sbr. fylgiskjal nr. 5)

7. gr.

Kaupandi yfirtekur hlutdeild í lóðarleigusamningi við ríkissjóð Íslands frá 5. apríl 2006. Á lóðinni hvílir kvöð um nýtingu hennar. Ríkissjóður á forkaupsrétt að eigninni og er samningur

[Handwritten signatures and initials]

þessi gerður með fyrirvara um að forkaupsrétti verði hafnað. Kaupanda er ljóst að forkaupsrétturinn og aðrar kvaðir samkvæmt lóðarleigusamningi haldast áfram á eigninni.

8. gr.

Aðilum er skyldt að virða hagsmuni hvors annars og sýna hvor öðrum sanngirni, trúnað og tillitssemi við efndir og framkvæmd samningsins. Komi hindrun í veg fyrir réttar efndir eða einhver önnur þau atvik sem varða hagsmuni gagnaðila skal viðsemjandi upplýsa hann um það.

9. gr.

Kaupandi skal láta þinglýsa samningi þessum svo fljótt sem verða má. Kaupandi greiðir stimpil- og þinglýsingargjöld af skjölum vegna sölu þessarar.

10. gr.

Afsal verður gefið út vegna hins selda, þegar kaupverðið hefur að fullu verið greitt

11. gr.

Rísi mál út af kaupsamningi þessum skal það höfðað fyrir Héraðsdómi Suðurlands, Selfossi.

Til staðfestu framanrituðu eru nöfn kaupenda og seljanda undirrituð í votta viðurvist.

Selfossi 2. desember 2011


Neyðarlínunum
f.h. seljanda (Björgunarfélags Árborgar)
Sambærileg félag Þjóðveldis Árborgar
Signaturennum hr.

Vottar að rétti dags,
fjárraði og undirskrift aðila:

Jón R. Sig. Hell, kt. Z70980-3689

f.h. kaupanda (Neyðarlínunum)
Dags. 23/01/12
Forkaupsrétti hafnað
að sinni. F.hr.

Guðrún Halsteinsen



, kt.

Meðfylgjandi:

- 1) Eignaskiptasamningur.
- 2) Stöðuvéttak byggingarfulltrúa.